

Ed.

697. Frumvarp til laga

[365. mál]

um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Í kaupstöðum og bæjum nefnist sveitarstjórn bæjarstjórn, framkvæmdastjóri sveitarfélagsins bæjarstjóri og byggðarráð sveitarfélagsins bæjarráð. Ákveða má í samþykkt um stjórn sveitarfélags, þar sem meiri hluti íbúanna býr í þéttbýli og íbúafjöldi hefur náð a.m.k. 1000 í þrjú ár samfellt, að sveitarfélag nefnist kaupstaður eða bær þótt annað heiti sé notað í einstökum lögum. Réttarstaða bæja skal vera sú sama og kaupstaða samkvæmt sérlögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Orðin kaupstaður og bær hafa í löggjöf og mæltu máli verið notuð jöfnum höndum án þess að á þeim væri gerður merkingarmunur. Í sérlögum um kaupstaðarréttindi til handa einstökum sveitarfélögum, sem sett voru fyrir gildistöku sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, er þó ætíð notað orðið kaupstaður. Í daglegri málnotkun hefur hins vegar viðgengist að nota bæði orðin kaupstaður og bær yfir þau sveitarfélög.

Í 2. mgr. 10. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 er svo fyrir mælt að þéttbýlissveitarfélög með 1000 íbúa eða fleiri geti ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélags að það nefnist bær. Félagsmálaráðuneytið hefur þegar staðfest fimm samþykktir sveitarfélaga sem nefnast bær á grundvelli 2. mgr. 10. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Vegna orðalags 2. mgr. 10. gr. fyrrgreindra laga hafa komið fram efasemdir um hver réttarstaða hinnu nýju bæja sé samkvæmt sérlögum.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum er réttarstaða allra sveitarfélaga, með fáum undantekningum, hin sama hvort sem þau nefnast hreppur, bær eða kaupstaður. Í ýmsum sérlögum er að finna ákvæði, annars vegar um hreppa og hins vegar um kaupstaði. Nefna má hér að fjöldi þeirra laga, sem er að finna í Lagasafni 1983 og hafa að geyma orðið kaupstað, er yfir 100 talsins. Ef til vill ekki öll í notkun nú en þó mörg, sjá fylgiskjal. Sú spurning hefur því vaknað, hver sé réttarstaða bæja gagnvart ofangreindum sérlögum. Í athugasemdum við 10. gr. frumvarps til sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 kemur fram að tilgangur ákvæðisins í 2. mgr. sé að gera löggjöf um kaupstaðarréttindi einstakra sveitarfélaga óþarfa. Réttarstaða bæjanna skyldi því ekki verða önnur eða síðri en staða kaupstaðanna, en þar sem þetta kemur ekki skýrt fram í framangreindum lögum þykir rétt, til þess að taka af öll tvímæli, að leggja þetta frumvarp fram.

Óskir hafa borist frá bæjarstjórnnum ýmissa kaupstaða um að mega nota orðið bær í stað kaupstaðar í heiti sveitarfélagsins. Þannig hefur formlegt erindi borist frá bæjarstjórn Gardakaupstaðar þess efnis að félagsmálaráðuneytið beiti sér fyrir breytingu á 1. gr. laga nr. 83/1975 á þann veg að heiti sveitarfélagsins verði framvegis Gardabær. Að athuguðu máli er það skoðun ráðuneytisins að með breytingu á ákvæðum 2. mgr. 10. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 þá opnast leið fyrir allar sveitarstjórnir, sem uppfylla skilyrði ákvæðisins um lágmarksfjölda, að ákveða sjálfar í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins hvort orðið þær nota um heiti sveitarfélagsins, kaupstaður eða bær.

Réttarstaða allra kaupstaða og bæja skal vera sú sama og gildir það jafnt um þá kaupstaði sem slík réttindi fengu með sérstökum lögum og um þá bæi sem slíka nafngift hafa fengið á grundvelli 2. mgr. 10. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

Fylgiskjal.

Skrá yfir sérlög sem hafa að geyma orðið kaupstað, unnin af Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar.

- 1/1890 Lög um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina.
- 1/1900 Lög um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík.
- 3/1945 Lög um kirkju- og manntalsbækur (sálmaregistor).
- 6/1977 Vegalög.
- 6/1986 Lög um afréttamálefni, fjallskil o.fl.
- 7/1953 Lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki.
- 8/1966 Lög um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.
- 8/1978 Lög um kaupstaðarréttindi til handa Selfoskaupþúni.
- 9/1955 Lög um Brunabótafélag Íslands.
- 10/1958 Farsóttalög.
- 11/1917 Lög um þyngd bakarabrauða.
- 11/1936 Lög um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurborg og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar.
- 15/1922 Lög um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Bolungarvík í Hólshreppi.
- 15/1923 Vatnalög.
- 16/1947 Lög um menntun kennara.
- 16/1951 Lög um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar.
- 16/1974 Lög um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi.
- 17/1949 Lög um bæjarstjórn í Keflavík.
- 17/1965 Lög um landgræðslu.
- 17/1974 Lög um kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkaupþúni.
- 18/1974 Lög um kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurborg.
- 18/1935 Lög um vinnumiðlun.
- 19/1974 Lög um kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi.
- 20/1974 Lög um kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkaupþúni.
- 22/1928 Hjúalög.
- 22/1932 Lög um forkaupsrétt kaupstaða og kaupþúna á hafnarmannvirkjum o.fl.
- 22/1960 Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum.
- 23/1917 Lög um heimild handa bæjar- og sveitarstjórnnum til að taka eignarnámi eða á leigu brauðgerðarhús o.fl.
- 24/1973 Námulög.
- 25/1921 Lög um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks.

- 26/1918 Lög um bæjarstjórn Vestmannaeyja.
- 28/1931 Lög um sjóveitu í Vestmannaeyjum.
- 28/1985 Lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.
- 29/1885 Lög um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.
- 30/1887 Lög um stækkun verzlunarstaðarins á Eskifirði.
- 30/1910 Lög um bæjarstjórn á Siglufirði.
- 30/1955 Lög um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.
- 80/1947 Framfærslulög.
- 80/1969 Læknalög.
- 82/1969 Áfengislög.
- 83/1975 Lög um kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi.
- 84/1933 Lög um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.
- 84/1975 Lög um eignarnámsheimild fyrir Neskaupstað á hluta jarðarinnar Nes í Norðfirði með hjáleigunum Bakka og Naustahvammi.
- 85/1936 Lög um meðferð einkamála í héraði.
- 86/1811 Opið bréf (frá kansallínu) um meðferð á fundnu fé í kaupstöðum.
- 86/1917 Lög um fiskveiðasamþykktir og lendingasjóði.
- 86/1975 Lög um kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi.
- 93/1947 Lög um aðstoð til vatnsveitna.
- 94/1954 Lög um heimild til að fella niður manntal í Reykjavík.
- 105/1973 Lög um húsbyggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar.
- 107/1935 Lög um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna.
- 109/1949 Lög um bæjarstjórn í Húsavík.
- 14b/1842 Opið bréf, viðvirkjandi fullgildingu Seyðisfjarðar í Íslands norður- og austuramti, svo og Portlands eður Dyrhóla í Íslands suðuramti, til að vera kaupskaparpláss.
- 33/1897 Lög um stækkun verzlunarlóðarinnar á Eskifirði.
- 34/1954 Sóttvarnarlög.
- 34/1983 Lög um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi.
- 35/1953 Lög um bæjarnöfn o.fl.
- 35/1970 Lög um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð.
- 36/1970 Lög um leigubifreiðar.
- 39/1978 Þinglýsingalög.
- 50/1987 Umferðarlög.
- 41/1919 Lög um landamerki o.fl.
- 41/1983 Lög um málefni fatlaðra.
- 42/1903 Lög um verzlunaskrár, firmu og prókúruumboð.
- 42/1913 Lög um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.
- 42/1926 Lög um skipströnd og vogrek.
- 42/1978 Iðnaðarlög.
- 44/1964 Lög um búfjárhald í kaupstöðum og kaптúnunum.
- 44/1971 Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi.
- 44/1979 Lög um húsaleigusamninga.
- 45/1940 Lög um hlutarútgerðarfélag.
- 45/1941 Lög um bæjarstjórn á Akranesi.
- 46/1971 Lög um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.
- 48/1909 Lög um löggilding Dalvíkur.

- 48/1928 Lög um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði.
- 49/1927 Lög um sorphreinsun og salernahreinsun á Akureyri.
- 50/1976 Lög um almenningsbókasöfn.
- 52/1959 Lög um kosningar til Alþingis.
- 53/1966 Lög um vernd barna og ungmenna.
- 54/1962 Lög um þjóðskrá og almannaskráningu.
- 54/1978 Byggingarlög.
- 57/1947 Lög um bæjarstjórn á Sauðárkróki.
- 58/1915 Lög um mælingar á tünnum og matjurtagörðum.
8/1986 Sveitarstjórnarlög.
- 58/1967 Orkulög.
- 58/1970 Lög um skemmtanaskatt.
- 60/1944 Lög um bæjarstjórn í Ólafsfirði.
- 60/1984 Lög um Húsnæðisstofnun ríkisins.
- 61/1919 Lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði.
- 61/1942 Lög um málflytjendur.
- 64/1962 Lög um dánarvottorð.
- 64/1976 Ábúðarlög.
- 65/1976 Jarðalög.
- 66/1985 Lög um Þjóðskjalasafn Íslands.
- 67/1971 Lög um almannatryggingar.
- 73/1952 Lög um tilkynningar aðsetursskipta.
- 74/1974 Lög um meðferð opinberra mála.
- 79/1972 Jarðræktarlög.
- 101/1940 Lög um breyting á lögum nr. 11 1. febr. 1936 (Eignarnámsheimild á nokkrum löndum o.fl.).
- 102/1847 Opið bréf um nokkrar ákvarðanir þeim til trausts, er þinggjaldi eiga að lúka.
- 19b/1693 Tilskipun um uppboðsþing í Danmörku og Noregi.
- 216/1793 Tilskipun um takmörkin milli lögsagna hinna einstöku uppboðshaldara og skiptaráðenda.
- 28b/1836 Opið bréf, innihaldandi nákvæmari ákvarðanir, með tilliti til tilskipananna um þá íslensku kauphöndlun og skipaferðir.
- 32/1918 Lög um mjólkursölu á Ísafirði.
- 32/1957 Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað land jarðanna Kópavogs og Digraness og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum.
- 33/1915 Lög um verkfall opinberra starfsmanna.
- 34/1895 Lög um stækkun lögsagnarumdæmis og bæjarfélags Akureyrarkaupstaðar.
- 35/1914 Lög um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.
- 36/1967 Lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Kópavogskaupstað nýbýlalönd og hluta jarðarinnar Kópavogs og um eignarnámsheimild á ábúðarréttindum.
- 42/1911 Lög um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o.fl.
- 56/1903 Lög um löggilding verzlunarstaðar í Bolungarvík í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.
- 58/1919 Lög um breytingar á lögum nr. 30 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.
- 63/1941 Lög um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélag til að koma á þegnskylduvinnu.